

Endingargóðar kýr

Núna er uppgjöri skýrsluhalds fyrir árið 2003 að ljúka og óeitanlega vekja nokkrar endingargóðar kýr athygli þegar augum er rennt yfir skýrslurnar. Hér verður minnst á fimm þeirra:



Elst þeirra er **Brá 225** á Ketilsstöðum í Mýrdal en hún er fædd í apríl 1988 og bar sínum 1. kálfi 8. nóvember 1990 eða fyrir rétt rúmum 13 árum. Hún er nú á sínu 13. mjólkurskeiði en hafði um áramótin mjólkað alls 71.874 kg mjólkur eða 5.445 kg mjólkur á ári að jafnaði. Brá er dóttir Dálks 80014 og var dæmd 1995 með 86 stig. Brá var sett í flokk heiðurskúa á kúasýningunni KÝR 2002.



Nánast jafngömull er **Eisa 233** á Hæli 1 í Gnúpverjahreppi en hún er fædd í maí 1988. Hún bar fyrst 8. október 1990 og er núna á sínu 12. mjólkurskeiði. Um áramótin hafði hún mjólkað 74.220 kg mjólkur eða 5.620 kg á ári að jafnaði. Eisa er hálf systur Bráar, undan Dálki 80014, með 83 stig í útlitsdómi frá 1995 og var einnig gerð að heiðurskú á KÝR 2002.

Á sama búi, Hæli 1 í Gnúp., er önnur afburða endingargóð kýr sem ber nafnið **Slæða 246** Jókadóttir 82008. Hún er fædd í desember 1989 og er á sínu 11. mjólkurskeiði. Hún bar sínum 1. kálfi 2. október 1992 og hefur mjólkað 51.560 kg mjólkur eða 4.563 kg á ári að jafnaði. Hún hlaut 83 stig í útlitsdóm árið 1995.

Prýði 274 í Einholti í Biskupstungum er fædd í apríl 1989 og bar 1. kálfi 2. október 1991. Hún er nú á 11. mjólkurskeiði og hafði um síðustu áramót mjólkað 64.523 kg mjólkur sem gerir 5.246 kg mjólkur á ári að jafnaði. Prýði er dóttir Dálks 80014 og hlaut 82 stig í útlitsdómi 1995.

Síðasta kýrin sem hér verður minnst á er **Bauga 207** á Eystra-Seljalandi undir Vestur-Eyjafjöllum. Hún er fædd í desember 1989 og bar 1. kálfi 15. október 1992. Hún er á 11. mjólkurskeiði og hafði um áramótin mjólkað alls 48.701 kg sem gerir 4.348 kg á ári að meðaltali. Bauga er dóttir Rauðs 82025 og hlaut 84 stig í útlitsdómi árið 1995.

Viðvera á Selfossi

Guðlaug Berglind og Fanney Ólöf sem eru alla jafna með aðsetur á Kirkjubæjarklaustri stefna að því að vera á Selfossi tvisvar í mánuði og þá tvo daga í senn.

Planið er eftirfarandi:

Dagsetning	Nafn
26.- 27. janúar	Guðlaug Berglind
9.- 10. febrúar	Fanney Ólöf
23.- 24. febrúar	Guðlaug Berglind
8.- 9. mars	Fanney Ólöf
22.- 23. mars	Guðlaug Berglind
5.- 6. apríl	Fanney Ólöf
19.- 20. apríl	Guðlaug Berglind

Aðra virka daga eru undirritaðar við alla jafna á skrifstofunni á Kirkjubæjarklaustri og er síminn þar 487 4818 / 480 1819.

Ef planið breytist verður það auglýst sérstaklega í fréttabréfum Búnaðarsambands Suðurlands. **Guðlaug Berglind og Fanney Ólöf**

Einn kúabóndi hætti í viku hverri árið 2003

Nýverið lét Landssamband kúabænda vinna upplýsingar um fjölda greiðslumarkshafa sem höfðu yfir 5.000 kg. í mjólk.

Þegar tölurnar eru bornar saman við tölur fyrri ára kemur í ljós að tæplega einn aðili hætti í viku hverri að meðaltali á síðasta ári. Nú í byrjun ársins 2004 voru kúabú landsins 902 en voru fyrir ári síðan 953. Fækkunin nemur 5,4% og er töluvert meiri hlutfallsfækkun en fyrir ári síðan.

Fósturvísatalningar í sauðfé

Nú í vetur ætlum við, undirritaðar, að bjóða bændum upp á fósturvísatalningar í sauðfé. Þessi tækni hefur verið notuð erlendis í allmörg ár til hagræðingar á sauðfjárbúum. Hér á landi hafa fósturvísar verið taldir í sauðfé á nokkrum búum, undanfarin tvö ár, og hefur það skilað góðum árangri.

Talning fósturvísa gefur bændum möguleika á að hagræða í fódru á ána m.a með því að stýra fódru eftir lambafjölda. Sérstaklega má benda á ávinning af því að telja í gemsum, þar sem möguleiki er að spara fóður við

gelda gema en gera betur við þá sem ganga með tvö lömb. Talning fósturvísa gefur einnig mikla möguleika á vinnuhagræðingu við sauðburð, þ.e. ærnar eru flokkaðar eftir lambafjölda fyrir burðinn.

Fósturvísar eru taldir í ánum 45-100 dögum eftir fang. Í fjáhúsunum þarf að vera til staðar rafmagn fyrir ómækið.

Áhugasamir leitid upplýsinga hjá Heiðu Guðný Ásgeirsdóttir (s: 866 0790, 855 0362) eða

Elínu Heiðu Valsdóttir (s: 699 5127, 487 1363).

Tvö ný Íslandsmet í afurðum!

Uppgjöri skýrsluhalds nautgriparéktarinnar fyrir árið 2003 er nú að ljúka og ljóst að afurðir hér á Suðurlandi hafa enn vaxið. Einna mesta athygli vekur þó stórglæsilegt Íslandsmet bús þeirra Jóhanns og Hildar í Stóru-Hildisey 2 í Austur-Landeyjum en á s.l. ári skiluðu kýr þeirra 7.450 kg að meðaltali eftir árskú. Þetta eru meiri afurðir á hverja árskú en áður eru dæmi um en fyrra met átti félagsbúið í Baldursheimi í Mývatnssveit 7.175 kg en það met var sett í fyrra. Þetta er annað árið í röð sem bú þeirra Jóhanns og Hildar skilar mestu afurðum hér á Suðurlandi.

Afurðahæstu búin á Suðurlandi m.t.t. mjólkurpróteins og mjólkurfítu (MFP) á árinu. Bú með fleiri en 10,0 árskýr og meðalafurðir yfir 460 kg MFP/árskú.

	Árskýr	Mjólkk, kg.	MFP
1. Jóhann og Hildur, Stóru-Hildisey 2	34,4	7.450	548
2. Ragnar og Magnús, Birtingaholti I	39,8	6.674	523
3. Eggert og Páll, Kirkjulæk II	31,1	7.153	518
4. Bertha og Jón, Miðhjáleigu	32,1	6.726	502
5. Gunnar Kr. Eiríksson, Túnbergi	30,0	6.649	496
6. Félagsbúið, Efri-Brúnavöllum II	18,7	6.437	490
7. Egill Sigurðsson, Berustöðum	29,1	6.742	488
8. Björgvin Guðmundsson, Vorsabæ	29,9	6.554	488
9. Félagsbúið, Guðnastöðum	39,0	6.752	486
10. Fossi ehf., Fossi	30,8	6.471	484
11. Jóhann og Esther, Sólheimum	17,0	6.546	483
12. Hlynur & Guðlaug, Vöðmúlastöðum	31,6	6.507	483
13. Hafliði Kristbjörnsson, Birmustöðum	27,4	6.098	474
14. Hildisey ehf., Stóru-Hildisey 1	33,8	6.178	473

Hlekkur 02036

Leiðrétting á faðerni

Í ljós hefur komið að rangt faðerni hefur fylgt nautinu Hlekk 02036 í þeim upplýsingum sem um það hafa verið birtar. Þar er bæði um að ræða Nautaskrá 2003 og upplýsingar um ungnaut í nýlegu nautgriparéktarblaði Freys. Í þessum upplýsingum er Hlekkur sagður sonur Kaðals en hið rétta er að faðir hans er Frískur 94026.

Þessari leiðréttingu er hér með komið á framfæri. Ekki er enn farið að senda út sæði úr Hlekk en hann er kominn á Nautastöðina og góðar vonir um að þar komist hann bráðlega í fulla notkun og í framhaldi þess í útsendingu.

Guðmundur Jóhannesson.

15. Félagsbúið, Selalæk	45,6	6.170	472
16. Einar og Elín, Egilsstaðakoti	34,7	6.131	468
17. Félagsbúið, Saurbæ	33,7	6.230	467
18. Einar H. Haraldsson, Urriðafossi	41,2	5.940	467
19. Bragi og Hildur, Efri-Gegnishólum	30,6	5.990	461

Afurðahæsta kýrin reyndist vera Áma 020 í Miðhjáleigu í Austur-Landeyjum en hún mjólkaði 11.852 kg mjólkur og 956 kg verðefna og slær þar með tveggja ára gamalt Íslandsmet Slettu 219 á Fossi í Hrunamannahreppi sem var 955 kg verðefna. Áma er dóttir Skuts 91026, bar um áramótin 2002/2003 og fór hæst í 45 kg dagsnyt á árinu.

Afurðahæstu kýrnar á Suðurlandi 2003.

Raðað eftir magni mjólkurfítu og próteins (MFP). Kýr sem mjólkuðu 700 kg MFP eða meira.

Nafn	Bær	Faðir	Mjólkk, kg.	MFP, kg.
1. Áma 020	Miðhjáleigu	Skutur 91026	11.852	956
2. Búbót 287	Birtingaholti I	Raftur 91015	9.761	831
3. Tinna 237	Birmustöðum	Sorti 90007	8.980	781
4. Túrbót 212	Kotlaugum	Hvanni 89022	9.352	766
5. Gláma 920	Stóru-Hildisey 2	Krossi 91032	10.774	764
6. Kæla 207	Fossi	Kaðall 94017	8.490	752
7. Búbót 263	Berguhl	Suðri 84023	9.102	751
8. Huppa 196	Miðhjáleigu	99999	9.402	743
9. Yta 191	Bryðjuholti	Seifur 95001	9.518	735
10. Auðlind 330	Tóftum	Bassi 86021	9.774	725
11. Spenna 470	Bjólú	Drómi 94025	9.789	725
12. Kolskór 261	Kirkjulæk II	Dúri 96023	8.408	718
13. Skák 150	Túnbergi	Pristur 88033	8.172	717
14. Venus 005	Hjálmholti	Mars 95007	9.893	716
15. Negra 220	Berustöðum	Negri 91002	9.640	715
16. Vök 149	Túnbergi	Svelgur 88001	9.656	714
17. Mókolla 230	Kirkjulæk II	Snarfari 93018	8.138	712
18. Bauga 302	Urriðafossi	Almar 90019	9.053	709
19. Vespa 362	Efri-Gegnishólum	Gári 93023	10.057	709
20. Hófi 236	Stóru-Hildisey 2	Bætur 91034	9.569	704
20. Rauðanótt 222 Vorsabæ	Skutur 91026	9.042	704	

Við munum á næstu dögum birta fleiri niðurstöður úr skýrsluhaldinu fyrir árið 2003 á heimasíðunni, www.bssl.is, en vinnsla þeirra er í fullum gangi.

Guðmundur Jóhannesson

Runólfur í námsleyfi

Runólfur Sigursveinsson nautgriparéktarráðunautur er í námsleyfi frá 1. janúar til 31. mars. Hann er nú að hefja nám við Endurmenntun Háskóla Íslands í Rekstrar- og viðskiptafræðum. Um er að ræða Þrígga missera nám sem verður að mestu tekið samhliða starfi.

Frá Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar

Nú stendur yfir vinnsla á veiðiskýrslum fyrir lax- og silungsveiði fyrir 2003. Allmargar veiðiskýrslur hafa borist stofnuninni þó vantar nokkuð á að allar hafi skilað sér. Veiðiréttareigendur sem ekki hafa enn skilað inn veiðiskýrslum eru hvattir til að gera það hið fyrsta og í allra síðasta lagi fyrir 1. febrúar. Skýrslurnar sendist til Veiðimálastofnunar Suðurlandsdeild Austurvegi 1, 800 Selfoss. Einnig er hægt að skila inn skýrslum í gegnum tölvupóst; sudurlandsdeild@veidimal.is. Þá vil ég minna þá á sem veitt hafa merktu fiska að koma merkjum ásamt upplýsingum til deildarinnar. Góð skil á merkjum og skýrslum eru mjög þýðingarmikil atriði fyrir alla ráðgjöf í fiskrækt og veiðinýtingu ásamt því sem veiðitölur er oftlega lagðar til grundvallar við mat á verðmætum á veiði og veiðihlunnindum.

Bráðabirgðatölur yfir veiðina 2003

Samkvæmt fyrstu bráðabirgðatölum var stangveiðin á landinu um 34.100 laxar sem er litlu minni veiði en var á árinu 2002 (34.767) og einnig nærri meðalveiði árána 1974-2002 (34.761). Laxar sem sleppt er aftur úr stangveiði eru hér taldir með. Um 12.000 laxar veiddust í ám á Suðurlandi sem er mun meiri veiði en á árinu 2002 (7.235). Göngur eins árs laxa (smálaxa) voru nokkuð góðar og tveggja ára lax (stórlax) skilaði

sér betur úr hafi en árið áður. Stangveiðimenn drógu um 5.100 laxa og í net veiddust um 7.000 laxar. Aukning var talsverð bæði í stang- og netaveiði. Árið 2002 veiddust 3.196 laxar á stöng og 4.105 laxar í net. Í stangveiði munar mestu um aukningu í veiði í Rangánum en samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust þar um 3.800 laxar á stöng en árið 2002 veiddust 1.791 laxar í Rangánum. Veiði þar byggir að mestu leyti á endurheimtum laxi úr sleppingum gönguseiða sem hefur verið stunduð þar síðan árið 1990.

Urriðaveiði var góð í Veiðivötnum á Landmannafrétti. Þar voru dregnir 12.276 urriðar, þar af 9.334 á stöng sem er um 5 % minni veiði en meðatal síðustu 5 ára þar á undan. Um árabíl hefur verið sleppt þar urriðaseiðum til að auka veiði en rannsóknir hafa sýnt að nýliðun er ábótavant í sumum vötnunum. Sjóbirtingsveiði í Skaftafellssýslu varð nokkru minni en árið áður.

Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar sinnir rannsóknnum og ráðgjöf varðandi veiði og veiðinýtingu í ám og vötnum á Suðurlandi. Deildin er til húsa að Austurvegi 1 á Selfossi.

Magnús Jóhannsson
deildarstjóri

Úrvinnslugjald lagt á rúllubaggaplast frá áramótum

Lög um úrvinnslugjald á rúllubaggaplast tóku gildi um sl. áramót. Meginmarkmiðið er eins og segir í lögnum; „að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja víðeigandi förgun spilliefna“.

Svo nefnt úrvinnslugjald er lagt á rúllubaggaplastið við innflutning og er því ætlað að standa undir endurvinnslu eða förgun á viðunandi hátt, hvað svo sem hagkvæmast eða rétt þykir hverju sinni. Tolleyfirvöldum er gert að innheimta úrvinnslugjaldið af vöruinnflytjendum strax við tollafgreiðslu og skila því síðan til Úrvinnslusjóðs. Tekjur Úrvinnslusjóðs af rúllubaggaplasti fara eingöngu til þess málaflokks en hvert spilliefni hefur sinn eigin sjóð sem ekki má nýta í öðrum málaflokkum. Samkvæmt upplýsingum frá Úrvinnslusjóði er í fyrstu áætlun gert ráð fyrir að úrvinnslugjald verði innheimt af u.þ.b. 1.900 tonn-um af rúllubaggaplasti á ári hverju. Úrvinnslugjaldið er skv. viðauka I við lög um úrvinnslugjald, 25 krónur á kíló.

Úrvinnslusjóður hefur skrifstofu á Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans, www.urvinnslusjodur.is

Nú er bara að bíða og sjá hvort og þá að hve miklu leyti söluaðilar rúllubaggaplasts velta úrvinnslugjaldinu yfir á bændur.

Jóhannes Hr. Simonarson

Auglýsing

Ásta Guðmundsdóttir á Arnarhóli í Vestur-Landeyjum hefur til sölu hryssuna Heklu-Dagsbrúí með fylki undan Brimir frá Þúfu. Hún er einnig tilbúin til að halda Silfur-Skeifu undir Orra frá Þúfu næsta sumar og selja hryssuna ásamt fylki. Hryssurnar Silfur-Skeifa og Hekla Dagsbrún eru systur hins þekkta gæðings Farsæls frá Arnarhóli. Auk þessara hryssna er margt efnilegra trippa til sölu. Upplýsingar veitir Ásta í síma 896 0196.



FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Janúar 2004 - 26. árgangur. - 2. tölublað

EFNI BRÉFSINS

Greiðslur fyrir umframmjólk?
Bls. 1

Kúaskoðun 2002 og 2003
Bls. 1

Forðagæsluskýrsla/beingr...
Bls. 1

Vsk. áminning
Bls. 1

Endingargóðar kúr
Bls. 2

Viðvera á Selfossi
Bls. 2

Einn kúabóndi hætti ...
Bls. 2

Fósturvísatölningar í sauðfé
Bls. 3

Runólfur í námsleyfi
Bls. 3

Frá Suðurlandsdeild Veiðimálast.
Bls. 4

Úrvinnslugjald á rúllubaggaplast...
Bls. 4

Ritstjórn:
Jóhannes Hr. Simonarson,
Runólfur Sigursveinsson,
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Sigurmundsson
Sími 480 1800 - Fax 480 1818
Netfang: bssl@bssl.is
Vefslóð: <http://www.bssl.is>
ISSN 1605-7546
Prentun:
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

Greiðslur fyrir umframmjólk?

Samdráttur er enn í innvigtun mjólkur milli verðlagsára. Samkvæmt yfirliti frá SAM er framleiðslan á landsvísi frá september til desember um 5% minni en á sama tímabili 2002. Á svæði MBF er samdrátturinn enn meiri síðustu vikur eða á bilinu 9-11% miðað við sömu vikur fyrra verðlagsár. Ljóst er að orsakir þessa samdráttar eru margvíslegar, má þar nefna breytilegri heygæði og burðartímaáhrif.

Í ljósi þessarar framleiðslustöðu hlýtur að vera brýnt að framleiðendur fái vitneskju sem fyrst hvaða væntingar eru til greiðslna fyrir umframmjólk á þessu verðlagsári.

Runólfur Sigursveinsson

Forðagæsluskýrsla / beingreiðslur

Enn hafa ekki allar forðagæsluskýrslur borist Búfjárefntilriti Arnes- og Rangárvallasýslu, en skilafrestur rann út þann 20. nóvember sl. Hægt er að skila skýrslum á Skrifstofu Búnaðarsambands Suðurlands, Austurvegi 1, 800 Selfossi.

Rétt að minna á að beingreiðslur berast ekki fyrir en forðagæsluskýrslum hefur verið skilað.

Búfjárefntilrit Arnes- og Rangárvallasýslu.

**Nautgripæræktarráðunautar
BSSL**

VSK. ÁMINNING

Bændabókhald Búnaðarsambands Suðurlands minnir á að greiðsludagur virðisaukaskatts fyrir tímabilið júlí — desember er þann 1. mars nk.

Þeir bændur sem eru í virðisaukauppgjöri hjá okkur eru vinsamlegast minntir á að skila inn öllum gögnum fyrir framangreint tímabil sem allra fyrst.

Þrátt fyrir að öll gögn vegna tímabilsins hafi ekki borist til bænda er það best fyrir okkur að fá þau gögn sem komin eru. Þegar afgangurinn af gögnunum hefur skilað sér verður þeim einfaldlega bætt við eldri gögnin áður en að uppgjörstadi virðisaukaskattsins kemur, þ.e. mánudaginn 1. mars.

Bændabókhald BSSL